

Nafn mitt þig nagar og nærvera bítur
Nóg er að hafa þegar þróttur þinn þrýtur
Læðist þér aftan þegar löngunin syngur
Lyppast þú niður og kraftur minn springur

Grátur þinn gleður og grámyglan sæta
Gleypti þig heilan og engin er glæta
Ein er þó von einhver mun segja
Er sóttin og uppgjöf en þú skalt nú þegja

Bankað á dyr breystur þú opnar
birtist í gættinni og logar þíkir slokkna
Við stjónvölinn stendur og stefnir að landi
Hönd þín og hugur eru á mínu valdi
Fjölða ég felli með orðum og afli

Ríf þig strax niður og ræð ég þig frá
Leitandi ljós berum niður við gjá
Þú ýfir mér burt þegar köllum þú heyrir
Þá aftur ég kem með krafti ég keyri

Fjölða ég felli með orðum og anda
Fíknin er nafn mitt og starf er að granda
Þú þekkir mig ekki þá oftast munt finna
Siðasta hálmstráið ætíð mun vinna

Nafn mitt þig nagar og nærvera bítur
Nóg er að hafa þegar þróttur þinn þrýtur
Læðist þér aftan þegar löngunin syngur
Lyppast þú niður og kraftur minn springur